

119. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 21. nóvember, 2022 kl. 12 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.

Viðstaddir eru: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Bragi Thoroddsen, sveitastjóri Súðavíkurhrepps, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Raket Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun safnsins rædd

Hefðbundnar umræður um fjárhagsáætlunina.
Framlög sveitarfélaganna verður eftirfarandi: Ísafjarðarbær 28.449.000,-,
Bolungarvík 7.073.000.- og Súðavík 1.578.000.- miðað við íbúafjölda 2021.

2. Lagður fram nýr húsaleigusamningur

Rædd hækkun á húsaleigusamningi sem snýr að þeim sveitarfélögum sem reka safnið. Farið yfir fyrirkomulag á innri leigu og framlag sveitarfélaga til reksturs. Húsaleigusamningur er lagður fram miðað við 6% hækkun á framlagi. Samþykktur af stjórnarmönnum Byggðasafnsins.

3. Styrkumsóknir fyrir 2023

Gerð grein fyrir styrkumsóknum næsta árs. Fyrirhuguð eru tvö samvinnuverkefni þar af eitt við Hversdagssafnið á Ísafirði. Sótt um fyrir úttekt á viðhaldsþörf á húsnæði vélsmiðjunnar á Þingeyri. Alls sótt um 5 verkefni í safnasjóð, þar af 2 samvinnuverkefni og einn öndvegissstyrk vegna endurskoðunar á grunnsýningu.

4. Starfið framundan

Gert grein fyrir starfinu fram undan og fyrirkomulagi opunnar yfir aðventu sem verður með svipuðu sniði líkt og í fyrra

5. María Júlía

Búið er að sinna því sem þarf hvað varðar flutning á Maríu Júlíu til Akureyrar og er verið að bíða eftir því að Landhelgisgæslan telji aðstæður viðunandi til flutnings.

6. Önnur mál

Heimsókn menningar – og viðskiptaráðherra og rædd uppbygging á staðnum og framtíðarhugmyndir. Upp kom sú hugmynd að leggja til við ráðuneytið að söfn fái fjárveitingu fyrir lengri opnunartíma á árinu.

Rúv mun taka upp efni fyrir Landann í safninu og er von á skemmtilegri kynningu og umfjöllun um safnið.